

## Opið bréf


### *Fyrirkomulag líkgeymslu og líksnyrtingar á Þórshöfn*

Það heilbrigðisstarfsfólk sem hefur sinnt líksnyrtingu á Þórshöfn hefur tekið þá ákvörðun að sinna ekki lengur líksnyrtingu eða kistulagningu á Þórshöfn við óbreyttar aðstæður. Núverandi aðstaða er ekki viðunandi fyrir starfsfólk, skjólstæðinga né aðstandendur og standast ekki kröfur persónuverndar né heilbrigðiseftirlits.

Eins og staðan hefur verið síðustu ár er kællirinn nýttur sem líkgeymsla en líksnyrting og kistulagning hefur farið fram í safnaðarheimilinu þar sem kællir er of lítill til að geta sinnt þar líksnyrtingu. Til að koma líki frá líkkæli yfir í safnaðarheimili þarf að bera lík út á bílaplan við hlið fjölfarins göngustígs á timburbretti, með handaflí. Dyr inn í kæli sem og safnaðarheimili eru mjög þröngar fyrir burð milli rýma. Safnaðarheimilið er með glugga allan hringinn sem ekki eru gluggatjöld fyrir nema að hluta. Enginn vaskur er í rýminu nema eldhúsvaskur svo ef þarf að nota rennandi vatn þarf að nota eldhúsið sem er annars nýtt til veisluhalds. Ekki er aðstaða til þess að henda sóttmenguðu rusli eða ganga frá sóttmenguðu líni.



Aðstæður til líksnyrtingar þurfa að vera þannig upp settar að um tvö rými sé að ræða, annað til kælingar og hitt til líksnyrtingar þar sem er góður vaskur, skápar til þess að geyma búnað og hækkanlegur líkbekkur á hjólum. Rýmið þarf að vera nægilega rúmgott til þess að hægt sé að komast vel þar um og vinna allan hringinn í kringum bekkinn.



Rými sem nýtt er til líksnyrtingar getur einnig nýst til þess að leyfa aðstandendum að sitja hjá og kveðja þann látna. Þ.e. slíkt rými getur einnig þjónað hlutverki lítillar kapellu ef vandað er til verka og rýmið gert hlýlegt. Ef farið væri í lítið timburhús eða gám undir þjónustuna væri sniðugasta staðsetningin við Naust eða Heilsugæsluna.

Heilbrigðisstarfsfólki sem hefur sinnt líksnyrtingu er mjög umhugað um að þessi þjónusta verði áfram til staðar á Þórshöfn og er tilbúið að leggja sitt af mörkum til þess að bæta aðstöðu til líksnyrtingar.

Það er samfélaginu mikilvægt að fundin sé lausn í því að hægt sé að kistuleggja á Þórshöfn þar sem aðstandendur þurfa að flytja ástvini sína milli sveitarfélaga til líksnyrtingar og kistulagningar. Auk þess þurfa aðstandendur að koma hinum látna aftur til Þórshafnar með tilheyrandi kostnaði og fyrirhöfn fyrir jarðarför.

Við vonumst til að geta fundið sameiginlega farsæla lausn á málinu og eru tilbúin til að leggja okkar að mörkum.

Þess óska:

Starfsfólk sem sinnt hefur líksnyrtingu

*Sigríður Friðný Halldórsdóttir*  
*Bergrún Guðmundsdóttir*  
*Karítas Ósk Agnarsdóttir*  
*Anna Lilja Ómarsdóttir*  
*Silvía Jónsdóttir*  
*Herdís Eik Gunnarsdóttir*  
*Þórarinn Þórisson*  
*Steinar Pálmi Ágústsson*  
*Björn Müller*

*Kvenfélagið Hvöt*  
*Kvenfélag Pistilfjarðar*  
*Starfsfólk Nausts*  
*Björgunarsveitin Hafliði*  
*Safnaðarnefnd Þórshafnar*